



FIERE 2nd Newsletter

FIERE er nýsköpunarverkefni styrkt af Grundvig áætlun Evrópusambandsins um ævimenntun, sem hefur það að markmiði að efla svæðisbundnar stofnanir, fyrirtæki og félög í nýsköpunarvirkni og annarri færni sem styður við þróun svæða út frá sjónarhorni viðskiptavina og samfélagsins, með því að tengja saman þarfir þeirra og stefnumótun og þróun viðkomandi fyrirtækja, stofnanna og félaga í 6 ólíkum löndum. Allt frá Janúar 2014, hafa 7 þátttakendur í verkefninu: **Tipperary County Council (TCC)** frá Írlandi sem leiðir verkefnið, **Allweb Solutions (S.A.)** frá Grikklandi, **Institute For Postgraduate Studies (IPS)** frá Búlgaríu, **Waterford Institute Of Technology (WIT)** frá Írlandi **Commercial and Industrial Association of Barcelos (ACIB)** frá Portúgal, **Einurd EHF** frá Íslandi og **CESIE** frá Ítalíu bera ábyrgð á framkvæmd verkefnisins á sínu heimasvæði auk þess að stýra ólíkum verkþáttum og hafa skoðað sérstaklega hlutverk og stöðu nýsköpunarvirkni á þeirra svæðum.

Frá Sikiley...





Eftir upphafsfundinn á Írlandi var gerð könnun þar sem aðilar með þekkingu á frumkvöðlastarfi og ný-sköpunar-virkni tóku þátt í. Síðan í júní 2014 hittust fulltrúar verkefnisins í Palermo á Ítalíu þar sem annar fundur verkefnisins var haldinn en þar var spurningakönnunin yfirfarin og fínstillt.

Síðan tóku fulltrúar allra þátttökupjóða viðtal við 450 aðila frá 223 sveitarfélögum, almennum fyrirtækjum, félögum og sjálfbóðaliðasamtökum í öllum 6 löndunum til að meta stöðu og fræðsluþarfir varðandi ný-sköpunar-virkni.

Samantektarskýrsla frá öllum löndum leiddi í ljós að, seigla, að vera úrræðagóð(ur) og hafa til að bera greinandi hugsun voru þeir færniþættir sem svarendur töldu mikilvægasta að þjálfar fyrir sitt fyrirtæki, stofnun eða félag. Auk þess kom í ljóst í öllum löndunum að svarendur töldu mikilvægt að bjóða upp á þjálfun í nýsköpunarvirkni.

Samantektarskýrslu og landsskýrslur um fræðsluþarfir ma finna: fiereproject.eu/index.php/reports.

Niðurstöður þarfagreiningarinnar verða nýttar til að þróa námskeið um nýsköpunarvirkni með það að markmiði að auka færni starfsmanna í skapandi hugsun og nýsköpunarvirkni.

Sjá frekari upplýsingar

...í gegnum Búlgaríu...



Í febrúar 2015, funduðu samstarfsaðilar í Sófíu (Búlgaríu) í þriðja sinn. Á fundinum var unnin tillaga að áhersluþáttum í námskeiðinu og hvernig væri best að framkvæma það í hverju landi fyrir sig, með það fyrir augum að fyrsta námskeiðið gæti hafist í júní 2015. Námskeiðið mun styðjast við námsskrá og námslýsingar fyrir kennara og þátttakendur (á tungumálum þáttökulanda) þar sem horft verður til þriggja megin færniþátta:

- Skapandi hugsun og nýsköpun
- Seiglu og leiðtogahæfni
- Greinandi hugsun og það að vera úrræðagóður

Ennfremur og til að styðja við kennsluna, verða tekin dæmi eða dæmisögur (case studies) um hvernig slíkir færniþættir koma við sögu í nýsköpun, breytingastjórnun og byggðapróun í opinberum stofnunum, fyrirtækjum, félögum og sjálfbóðaliðasamtökum í Evrópu. Þessum dæmum er ætlað að gefa ákveðið yfirlit og sjónarhorn á hvernig nýsköpunarvirkni hefur verið beytt í ólíkum aðstæðum, í ólíkum atvinnugreinum og á ólíkum svæðum í Evrópu. Dæmisögurnar verða gefnar út í handbók á vefsíðu verkefnisins.

Frekari upplýsingar má finna

...til Íslands!



Á næstu mánuðum, verður lokið við gerð náms- og kennsluleiðbeininga og samstarfsaðilar mun byrja að leita eftir þátttakendum til að taka þátt í tilraunakennslu FIERE námskeiðsins.

Tilraunakennslan fer fram á námskeiðum eða vinnustofum um nýsköpunarvirkni: Námskeiðunum er ætlað að þjálfar þálfarana sem síðan munu vinna að þjálfun starfsmanna á sínum vinnustað eða vinnuumhverfi þar sem horft verður til eftirfarandi meginþátta eða hugtaka tengd nýsköpunarvirkni: skapandi hugsun og nýsköpun, seigla og leiðtogahæfni, greinandi hugsun og það að vera úrræðagóður. Sérstök áhersla verður á námsefni sem hentar þörfum þátttakenda í viðkomandi þáttökulandi. Náminu mætti skipta í lotur þar sem stuðst væri við námsefni og dæmisögur sem kalla fram umræður um hvernig megi skilgreina og auka nýsköpunarvirkni innan ólíkra svæða og skipulagsheilda.

Námskeiðið verður á niðurgreitt af verkefninu og mun standa yfir í um 8 klukkustundir og mun taka 1-2 daga, eða miðast við þarfir í hverju landi fyrir sig.

Markhópar fyrir þjálfunina eru m.a.: stefnumótandi aðilar er koma að byggðapróun, sveitarfélög og önnur svæðisbundin samtök eða félög, sjálfbóðaliðasamtök og önnur félög, klasar, samtök atvinnulífs og fyrirtæki sem tengjast svæðisbundinni þróun.

Ef þú ert einn af þeim sem hefur áhuga á að auka nýsköpunarvirgni innan þinnar stofnunar, félags eða fyrirtækis til hagsbóta fyrir þitt nánasta umhverfi eða sveitarfélag, þá er FIERE námskeiðið fyrir þig! Sendu tölvupóst til info@fiereproject.eu og vertu einn af þeim 50 þátttakendum í þínu landi.

Næsti fundur samstarfsaðila verður haldinn í Reykjavík (Íslandi) í júní 2015. Skoðu heimasíðuna okkar til að fá frekari upplýsingar um verkefnið.

Fyrir frekari upplýsingar

 www.fiereproject.eu

 [Facebook](#)

 [Twitter](#)

 info@fiereproject.eu

Samstarfsaðilar

TCC - michael.moroney@tipperarycoco.ie

WIT - wogorman@wit.ie

CESIE - emanuela.salvo@cesie.org

IPS - todorov_t@unwe.bg

AllWeb S.A. - jhassid@unipi.gr

ACIB - acib@acibarcelos.pt

EINURD - stefania@einurd.is





Lifelong
Learning
Programme

Project n. 540477-LLP-1-2013-1-IE-Grundtvig-GMP

Þetta verkefni er styrkt af Evrópusambandinu. Þetta fréttabréf endurspeglar einungis sjónarmið höfunda og Evrópusambandið ber ekki ábyrgð á því sem hér stendur eða þeim upplýsingum sem stuðst er við.

© 2015 **FIERE**. All rights reserved